



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. desember 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar), 300. mál.**

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að bætur úr sjúkdómatryggingum sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010 verði ekki skattlagðar. Samtök atvinnulífsins telja ólíklegt að þessi tryggingaflokkur verði í boði ef bætur þeirra sjúkdómatrygginga sem keyptar verða eftirleiðis verða skattlagðar. Samtökin leggja því eindregið til að tekinn verði af allur vafi, með breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, um að eignaauki vegna eingreiðslubóta úr sjúkdómatryggingum skuli framvegis sem hingað til vera undanþeginn tekjuskatti.

Bótafjárhæð sjúkdómatryggingar er greidd út í einu lagi þegar váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem váttryggingin tekur til eða verður fyrir varanlegri örorku af völdum skilgreinds váttryggingaratburðar. Flestir sjúkdómar og fötlun sem sjúkdómatrygging nær til eru þess eðlis að hafa í för með sér varanlegar afleiðingar svo sem örorku.

Sjúkdómatrygging flokkast sem líftrygging samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingarsamninga. Váttryggingafélög hafa frá upphafi gengið út frá því að líta beri á bætur úr váttryggingunni sem eignaauka sem telst ekki til tekna, enda eru þessar bætur ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Það kom líftryggingafélagnum á óvart þegar yfirskattanefnd komst að þeirri niðurstöðu að bótafjárhæð úr sjúkdómatryggingu skuli teljast tekjuskattsskyld.

Héraðsdómur komst svo að sömu niðurstöðu í júní sl. og hefur málinu verið áfrýjað til Hæstaréttar. Endanleg niðurstaða í dómsmálinu mun hafa mikla þýðingu fyrir bótaþega sem þegar hafa fengið greiddar út bætur. Heildarbótafjárhæðir sem greiddar hafa verið út árlega undanfarið eru á bilinu 350-400 m.kr. Þá bíða váttryggingafélög og 44.000 skírteinishafar sjúkdómatrygginga í óvissu eftir niðurstöðu í dómsmálinu. Komist Hæstiréttur að sömu niðurstöðu og héraðsdómur er ljóst að rekstrargrundvöllur þessarar váttryggingagreinar er brostinn.

Jafnræðissjónarmið mæla með því að eignaauki vegna þessara bóta verði áfram undanþeginn tekjuskatti. Þá mæla velferðarrök með hinu sama. Með skattlagningu bótanna er verið að sækja fjármagn til þeirra sem lenda í alvarlegum heilsufarsvanda og hafa keypt sér að því þeir töldu skattfrjálsa tryggingu til að mæta slíkum vanda. Skattskylda bóta er tvísköttun og felur í sér auknar álögur á þá sem eiga um sárt að binda vegna alvarlegra sjúkdóma eða fötlunar.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins